b. Svarbréf

Óportó, 2. maí 1992

Herra,

Ég hef móttekið svohljóðandi bréf yðar dags. í dag:

[Sjá bréf hér að framan.]

Hér með staðfesti ég að Efnahagsbandalag Evrópu hefur samþykkt efni bréfs yðar.

Ég votta yður virðingu mína.

F.h. ráðs Evrópubandalaganna

João de Deus Pinheiro
Frans Andriessen

b. Letter in reply

Oporto, 2 May 1992

Sir,

I have the honour to acknowledge receipt of your letter of today's date which reads as follows:

[See Letter above.]

I have the honour to confirm that the European Economic Community is in agreement with the contents of your letter.

Please accept, Sir, the assurance of our highest consideration.

On behalf of the Council of the European Communities

João de Deus Pinheiro
Frans Andriessen

Nr. 36 30. desember 1993

AUGLÝSING

um samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna.

Hinn 23. desember 1993 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna sem undirritaður var í Arjeplog 14. júní 1993. Samningurinn öðlast gildi 1. janúar 1994. Á sama tíma fellur Norðurlandasamningur frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar úr gildi, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1982, þar sem samningurinn er birtur, 11/1983, 13/1989, 4/1990 og 31/1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1993.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar

sem gerðu 6. mars 1982 samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað,

sem telja að samningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar og sem Ísland gerðist aðili að fyrir tilgreindar starfsgreinar hafi reynst afar mikilvægur í því að tryggja aðgang norrænna ríkisborgara að norrænum vinnumarkaði á þessum sviðum og fyrir læknisfræðilega og félagslega þróun í þessum ríkjum,

sem telja að í þessum ríkjum sé menntun þessara starfsgreina sem reglur gilda um á vegum hins opinbera í stórum dráttum jafngild,

sem vilja leitast við að koma á fullnægjandi skilyrðum til menntunar nefndra starfsgreina í sérhverju ríkjanna ásamt sem líkastri menntun og löggjöf og hægt er fyrir þessar stéttir,

sem benda á að samningur frá 2. maí 1992 um evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) hefur að geyma reglur um sameiginlegan vinnumarkað og gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina sem í tilgreindum tilvikum munu gilda um norræna ríkisborgara sem vilja starfa í öðru norrænu landi,

sem benda einnig á að 121. gr. EES-samningsins gefur möguleika á framhaldi norræns samstarfs,

sem telja að áfram verði þörf á norrænum reglum um viðurkenningu starfsgreinanna í samningnum frá 1981, í fyrsta lagi að því er varðar starfsgreinar og sérgreinar sem reglur EES ná ekki til, í öðru lagi að því er varðar einstaklinga sem hlotið hafa menntun sína í þriðja landi og í þriðja lagi vegna norrænna ríkisborgara sem ella hefðu lakari möguleika til að stunda starfsgrein sína í öðru norrænu landi en þeir hafa nú samkvæmt samningnum frá 1981,

sem þannig telja að samningurinn frá 1981 sé í mikilvægum atriðum hagstæðari fyrir norræna ríkisborgara en EES-samningurinn,

sem telja einnig að þau ákvæði í samningnum frá 1981 sem eru í andstöðu við EES-samninginn geti ekki verið áfram í nýjum norrænum samningi og að nýjan norrænan samning þurfi einnig að aðlaga svo að hann sé í samræmi við EES-samninginn,

sem að lokum telja einnig að aðlagaður samningur skuli gilda um alla þá sem eru í þeim starfsgreinum sem samningurinn nær til,

hafa ákveðið að gera nýjan samning um sameiginlegan norrænan vinnumarkað fyrir ákveðnar heilbrigðisstéttir og dýralækna svohljóðandi:

Gildissvið
1. gr.

Samningur þessi gildir um starfsmenn sem eru ríkisborgarar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð, hér eftir nefnd samningsríkin, sem tilheyra einhverri þeirra starfsgreina sem tilgreindar eru í viðauka 1.

Almennar reglur um viðurkenningu á starfsmönnum í öðru samningsríki
2. gr.

Sá sem hefur í einhverjum samningsríkjanna fengið löglega viðurkenningu sem starfsmaður í starfsgrein samkvæmt 1. gr., sbr. viðauka 1, á rétt á með þeim skilyrðum sem sett eru í samningi þessum að fá viðurkenningu í sérhverju hinna ríkjanna sem hefur ákvæði um slíka viðurkenningu.

Það sem segir í 1. mgr. um viðurkenningu skal gilda annars vegar fyrir þann sem starfar eða sem á rétt til að starfa sem lyfjafræðingur í einhverju ríkjanna, hins vegar fyrir þann sem má, þótt hann sé ekki lyfjafræðingur, afgreiða lyfseðla í lyfjabúð (farmaceut í Finnlandi, aðstoðarlyfjafræðingur á Íslandi, reseptar í Noregi og receptarie í Svíþjóð).

Starfsmenn sem hlotið hafa menntun í samningsríki er ekki hefur ákvæði um viðurkenningu á því starfi sem um ræðir skulu í þeim tilvikum sem um ræðir í 5. til 12. gr. eiga rétt á að fá viðurkenningu í þeim samningsríkjanna sem hafa ákvæði um slíka viðurkenningu.

Í viðauka 2 greinir í hvaða ríkjum og fyrir hvaða starfsgreinar ákvæði um viðurkenningu gilda við gildistöku samningsins.

3. gr.

Sá á rétt til viðurkenningar sem hjúkrunarfræðingur samkvæmt þessum samningi sem lokið hefur menntun í almennri hjúkrun.

Hjúkrunarfræðingur sem lokið hefur námi í öðrum greinum hjúkrunar skal metast einstaklingsbundið í hverju ríki.

Sérstök skilyrði sem krefjast má fyrir viðurkenningu

4. gr.

Danmörk getur krafist sem skilyrðis fyrir viðurkenningu sem tandplejer að umsækjandi sem ekki hefur menntun til að aðstoða við að setja í og taka úr tannstillingartækjabúnað ljúki reynslutíma sem ekki sé lengri en þrjú ár eða taki hæfnispróf. Umsækjandi skal eiga rétt á að velja milli reynslutíma og hæfnisprófs.

Reglur sem varða starfsgreinar sem reglur um viðurkenningu gilda ekki um í öllum samningsríkjunum

5. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem ergoterapeut í Danmörku, Finnlandi og Noregi og iðjuþjálfi á Íslandi sem hefur lokið í Svíþjóð námi í iðjuþjálfun (arbetsterapeutexamen) eða lokið eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

6. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem optiker í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og sjóntækjafræðingur á Íslandi sem í Danmörku hefur lokið fimm ára undirstöðunámi í sjóntækjafræði við sérskóla eða lokið, áður en samningurinn öðlast gildi og honum verið beitt um sjóntækjafræðinga, verknámi í greininni.

7. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem sálfræðingur á Íslandi og psykolog í Noregi og Svíþjóð

a) sem hefur staðist í Danmörku kandídatspróf í sálfræði (cand.psych.) eða embættispróf í sálfræði og

b) sem hefur staðist í Finnlandi kandídatspróf í sálfræði.

8. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem röntgenskötare í Finnlandi, röntgentæknir á Íslandi og radiograf í Noregi

a) sem hefur fengið leyfi í Danmörku sem radiograf í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála og

b) sem hefur lokið í Svíþjóð menntun á heilbrigðisbraut í röntgengreiningu (90 punktar) eða lokið eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

9. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem mentalvårdare í Finnlandi og hjelpepleier innan geðhjúkrunarstéttarinnar í Noregi

a) sem hefur fengið leyfi í Danmörku sem plejer í samræmi við reglur yfirstjórnar heilbrigðismála frá árinu 1977 eða síðar og

b) sem hefur uppfyllt í Svíþjóð gildandi kröfur um menntun og starfsreynslu skötare í psykiarisk vård eða lokið eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

10. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem tandskötare í Finnlandi, aðstoðarmaður tannlæknis á Íslandi og tandsköterska í Svíþjóð sem hefur lokið í Danmörku eða Noregi skipulagðri menntun sem klinikassistent eða tannlegeassistent.

11. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem tandtekniker í Finnlandi og Svíþjóð

a) sem hefur lokið í Danmörku fjögurra ára menntun sem laboratorietandtekniker við sérskóla eða lokið eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum og

b) sem hefur fengið sveinsbréf í Noregi í tannsmíði.

12. gr.

Sá á rétt á að fá viðurkenningu sem primärskötare í Finnlandi, sjúkraliði á Íslandi og hjelpepleier í Noregi sem

a) hefur fengið leyfi í Danmörku sem sygehjælper og

b) sem uppfyllir í Svíþjóð gildandi kröfur um menntun og starfsreynslu fyrir undersköterska eða sambærilega eldri menntun sem viðurkennd er af til þess bærum yfirvöldum.

Ákvæði um viðurkenningu starfsgreinar

13. gr.

Áður en samningsríki setur ákvæði um viðurkenningu á starfsgrein sem um getur í 1. gr., sbr. viðauka 1, og reglur hafa ekki áður verið settar um í ríkinu, skal það hefja samningaviðræður um skilyrði fyrir viðurkenningu við hin ríkin sem samningurinn gildir um varðandi þessa starfsgrein.

14. gr.

Nú ganga í gildi reglur um viðurkenningu á starfsgrein sem um getur í 1. gr. í samningsríki þar sem slíkar reglur gilda ekki við undirritun samningsins og falla þá ákvæðin um starfsgreinina í 5. til 12. gr. úr gildi. Um hlutaðeigandi starfsgrein gildir eftir það meginreglan um viðurkenningu í öðru samningsríki.

Tilkynningar um nýjar reglur skal senda með góðum fyrirvara fyrir gildistöku þeirra til sænska utanríkisráðuneytisins.

Viðurkenning á sérsviði

15. gr.

Nú hefur læknir eða tannlæknir fengið viðurkenningu í einhverju samningsríkjanna sem sérfræðingur og skal hlutaðeigandi þá eiga rétt á samsvarandi viðurkenningu í öðru samningsríki að því tilskildu

að hann hafi fengið og hafi enn ótakmarkaða viðurkenningu sem læknir eða tannlæknir í þessu ríki og

að hlutaðeigandi starfsgrein sé viðurkennd þar sem sérgrein samkvæmt þeim ákvæðum sem gilda um rétt lækna og tannlækna til að kalla sig sérfræðinga.

16. gr.

Nú hefur sjóntækjafræðingur fengið leyfi til að starfa sem kontaktlinsoptiker í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð og skal hann þá eiga rétt á samsvarandi viðurkenningu í hinum samningsríkjunum.

Sjóntækjafræðingur í Danmörku, sem hefur lokið 1. og 2. stigi í augnlinsunámi því sem viðurkennt er af atvinnumálaráðuneytinu, skal einnig eigar rétt á viðurkenningu sem kontaktlinsoptiker í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Réttur til að fá leyfi sem kontaktlinsoptiker í öðru samningsríki samkvæmt 1. og 2. mgr. er háður því að sjóntækjafræðingurinn hafi fengið þar leyfi sem sjóntækjafræðingur og hafi það enn.

Umsókn um viðurkenningu og ákvörðun

17. gr.

Sá sem sækir um viðurkenningu samkvæmt samningi þessum skal sanna fyrir yfirstjórn heilbrigðismála eða yfirstjórn dýralæknamála eða sambærilegum yfirvöldum í ríkinu að hann uppfylli skilyrði samningsins.

Viðurkenningu skal tilkynna þeim umsækjanda sem uppfyllir framangreind skilyrði nema þær aðstæður séu fyrir hendi sem leitt geta til afturköllunar á viðurkenningunni.

Hlutaðeigandi yfirstjórnir skulu láta hver annarri í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna umsókna um viðurkenningu.

Afturköllun á viðurkenningu o.fl.

18. gr.

Hafi viðurkenning verið afturkölluð af því samningsríki sem upphaflega tilkynnti um hana skal afturkalla viðurkenningu sem annað samningsríki tilkynnti um síðar. Annars má einungis afturkalla síðari viðurkenningu samkvæmt gildandi reglum í því samningsríki sem hefur tilkynnt um hana.

Ef til þess bær yfirvöld afturkalla viðurkenningu til starfsmanns sem fengið hefur viðurkenningu í öðrum samningsríkjum skal tilkynna hlutaðeigandi yfirstjórnum í viðkomandi samningsríkjum um afturköllunina og ástæður hennar. Slíkar tilkynningar skal einnig senda ef réttur starfsmanns til að ávísa lyfjum eða áfengi frá lyfjabúð hefur verið takmarkaður eða hann hefur sjálfviljugur afsalað sér þeim rétti eða rétti til þess að inna af höndum starf sitt.

Almennar grundvallarreglur

19. gr.

Af ákvæðum EES-samningsins leiðir að starfsmaður sem er ríkisborgari í ríki sem samningurinn nær til á rétt á að leita sér atvinnu og taka vinnu í sérhverju öðru ríki sem samningurinn nær til. Af EES-samningnum leiðir einnig að slíkan starfsmann má ekki meðhöndla með öðrum hætti en ríkisborgara hlutaðeigandi ríkis að því er varðar t.d. ráðningarkjör og félagsleg kjör.

Af EES-samningnum leiðir einnig að ríkin þurfa í ákveðnum tilvikum að grípa til viðeigandi aðgerða til að gera einstaklingi, sem vill stunda vinnu í öðru ríki sem samningurinn nær til, kleift að fá upplýsingar um þá löggjöf sem gildir um starfsemina. Það leiðir einnig af ákvæðum EES-samningsins að ríkin þurfa við ákveðnar aðstæður að gefa einstaklingum kost á að afla sér þekkingar í því tungumáli sem kunna þarf til að starfa í starfsgreininni í gistiríkinu.

Við ráðningu innan starfsgreina sem samningur þessi nær til skal vinna í starfsgreininni teljast jafngild án tillits til þess í hvaða samningsríki hún er unnin, jafnvel þótt slíkt leiði ekki af EES-samningnum.

20. gr.

Varðandi ráðningu starfsmanna sem samningur þessi tekur til skal farið eftir ákvæðum samnings frá 6. mars 1982 um sameiginlegan norrænan vinnumarkað ásamt þeim reglum um norræna vinnumiðlun sem ákveðnar voru í sambandi við framkvæmd hans.

Hlutaðeigandi yfirstjórnum í samningsríkjunum ber að fylgjast með þróuninni á vinnumarkaðnum hjá þeim starfsgreinum sem samningurinn nær til og tilkynna nefnd þeirri sem sett er á stofn samkvæmt 8. gr. í samningi um sameiginlegan norrænan vinnumarkað séu sérstakar ráðstafanir nauðsynlegar.

Yfirstjórnunum ber einnig að senda hver annarri þær tilkynningar og upplýsingar sem þýðingu hafa við mat á þróun vinnumarkaðarins fyrir hlutaðeigandi starfsgreinar.

21. gr.

Samningsríkin skulu í sameiningu fylgjast með framkvæmd samningsins og gera þær breytingar og viðbætur sem þróunin kann að gefa tilefni til.

Gildistaka

22. gr.

Hafi allir aðilar tilkynnt sænska utanríkisráðuneytinu að samningurinn hafi verið staðfestur skal hann ganga í gildi sama dag og EES-samningurinn. Nú hafa þeir ekki allir tilkynnt um staðfestingu þegar EES-samningurinn gengur í gildi og skal samningurinn þá ganga í gildi 30 dögum eftir þann

dag sem sænska utanríkisráðuneytinu hefur borist tilkynning frá öllum aðilum um að hann hafi verið staðfestur.

Geti Ísland ekki látið samning þennan gilda um allar starfsgreinar sem tilgreindar eru í 1. gr., sbr. viðauka 1, og sem viðurkenning gildir um á Íslandi, skal Ísland tilkynna þetta til sænska utanríkisráðuneytisins um leið og tilkynnt er að samningurinn hafi verið staðfestur. Ísland getur síðar hvenær sem er tilkynnt með sama hætti að það sé tilbúið til að láta samninginn gilda um eina eða fleiri þeirra starfsgreina sem tilgreindar eru í 1. gr., sbr. viðauka 1. Jafnvel þótt Ísland geti ekki látið samninginn gilda um allar starfsgreinar sem hann nær til skal hann eftir því sem við á gilda fyrir aðra aðila í samskiptum þeirra fyrir allar starfsgreinar sem tilgreindar eru í 1. gr., sbr. viðauka 1.

Sænska utanríkisráðuneytið skal tilkynna aðilunum um móttöku tilkynninga sem að framan greinir og um gildistöku samningsins.

Sænska utanríkisráðuneytið skal einnig tilkynna hinum aðilunum um

a) ákvarðanir samkvæmt 2. mgr. 14. gr. og

b) uppsögn og tilkynningar samkvæmt 25. gr. ásamt gildistökutíma.

23. gr.

Ef samningsríki setur reglur um viðurkenningu nýrrar starfsgreinar sem samningurinn nær til þá gilda ákvæði samningsins um starfsgreinina með sama hætti og um starfsgreinar sem viðurkenndar voru við undirskrift samningsins.

24. gr.

Er samningur þessi gengur í gildi falla úr gildi

samningur milli Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar frá 25. ágúst 1981 um viðurkenningu á starfsréttindum ákveðinna starfsstétta innan heilbrigðisþjónustunnar og dýralæknaþjónustunnar sem Ísland gerðist aðili að,

samkomulag frá 27. ágúst 1987 ásamt viðbótarbókun og samkomulag frá 28. febrúar 1990 um breytingu á samningnum frá 1981 og

samkomulag frá 28. febrúar 1990 um breytingu á viðbótarbókuninni.

Uppsögn o.fl.

25. gr.

Sérhver aðili getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til sænska utanríkisráðuneytisins. Hafi einn aðili sagt samningnum upp fellur hann úr gildi eftir þann frest sem greinir í síðustu málsgrein þessarar greinar.

Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi getur sérhver aðili tilkynnt að hann óski eftir að samningurinn gildi ekki lengur fyrir tilgreinda starfsgrein. Slíka tilkynningu skal senda sænska utanríkisráðuneytinu. Hafi einhver aðilanna sent slíka tilkynningu fellur samningurinn úr gildi varðandi þá starfsgrein eftir þann frest er að neðan greinir.

Uppsagnir og tilkynningar samkvæmt grein þessari fá gildi um áramót eða um mitt ár sem er næst því að sex mánuðir séu liðnir frá því að uppsögn eða tilkynning barst sænska utanríkisráðuneytinu.

26. gr.

Frumeintak þessa samnings skal varðveita hjá sænska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúar ríkjanna, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Arjeplog 14. júní 1993 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Viðauki 1

Heiti starfsgreina

	Í Svíþjóð	Í Danmörku	Í Finnlandi	Á Íslandi	Í Noregi
1.	läkare	læger	lääkärit/läkare	læknar	leger
2.	tandläkare	tandlæger	hammaslääkärit/tandläkare	tannlæknar	tannleger
3.	sjuksköterskor	sygeplejersker	sairaanhoitajat/sjuksjötare	hjúkrunarfræðingar	sykepleiere
4.	apotekare	provisorer	proviisorit/provisorer	lyfjafræðingar	provisorer
5.	sjukgymnaster	fysioterapeuter	lääkintävoimistelijat/ fysioterapeuter	sjúkraþjálfarar	fysioterapeuter
6.	arbetsterapeuter	ergoterapeuter	toimintaterapeutit/ ergoterapeuter	iðjuþjálfar	ergoterapeuter
7.	barnmorskor	jordemødre	kätilöt/barnmorskor	ljósmæður	jordmødre
8.	distriktssköterskor	sundhedsplejersker	terveydenhoitajat/ hälsovårdara	*	helsesøstre
9.	optiker	optikere	optikot/optiker	sjóntækjafræðingur	optikere
10.	psykologer	psykologer	psykologit/psykologer	sálfræðingar	psykologer
11.	receptarier	*	farmaseutit/farmaceuter	aðstoðarlyfjafræðingar	reseptarer
12.	röntgenassistenter	radiografer	röntgethoitajat/röntgenskötare	röntgentæknar	radiografer
13.	skötare i psykiatrisk vård	plejere	mielenterveyshoitajat/ mentalvårdare	*	hjelpepleiere i psykiatrisk sykepleie
14.	tandhygieneister	tandplejere	hammashuoltajat/ tandhygienister	tannfræðingar	tannpleiere
15.	tandsköterskor	klinikassistenter	hammashoitajat/tandhygienister	aðstoðarmenn tannlækna	tannlegeassistenter
16.	tandtekniker	laboratorie-tandtekniker	hammasteknikot/tandtekniker	ekki innan ramma samningsins	tannteknikere
17.	undersköterskor	sygehjælpere	perushoitajat/primärskötare	sjúkraliðar	hjelpepleiere
18.	veterinärer	dyrlæger	eläinlääkärit/veterinärer	dýralæknar	veterinærer
19.	kiropraktorer	kiropraktorer	kiropraktikot/kiropraktorer	hnykkjar	kiropraktorer

* Starfsgreinin er ekki fyrir hendi í þessu landi

Viðauki 2

	Starfsgrein	DK	SF	ÍS	N	S
1.	læger/lääkärit;läkare/læknar/leger/ läkare	x	x	x	x	x
2.	tandlæger/hammaslääkärit;tandläkare/ tannlæknar/tannleger/tandläkare	x	x	x	x	x
3.	sygeplejersker/sairaanhoitajat; sjuksjötare/hjúkrunarfræðingar/ sykepleiere/sjuksjöterskor	x	x	x	x	x
4.	provisorer/proviisorit;provisorer/ lyfjafræðingar/provisorer/apotekare	x	x	x	x	x
5.	fysioterapeuter/lääkintävoimistelijat; fysioterapeuter/sjúkraþjálfarar/ fysioterapeuter/sjukgymnaster	x	x	x	x	x
6.	ergoterapeuter/toimintaterapeutit; ergoterapeuter/iðjuþjálfar/ergoterapeuter/ arbetsterapeuter	x	x	x	x	-

7.	jordemødre/kätilöt;barnmorskor/ ljósmæður/jordmødre/barnmorskor	x	x	x	x	x
8.	sundhedsplejersker/terveydenhoitajat; hälsovårdare/*/helsesøstre/distriktssköterskor	x	x	*	x	x
9.	optikere/optikot;optiker/sjóntækjafræðingar/optikere/optiker	-	x	x	x	x
10.	psykologer/psykologit;psykologer/ sálfræðingar/psykologer/psykologer	-[1]	-	x	x	x
11.	*/farmaseutit;farmaceuter/aðstoðarlyfjafræðingar/reseptarer/receptarier	*	x	x	x	x
12.	radiografer/röntgethoitajat;röntgenskötare/röntgentæknar/radiografer/ röntgenassistenter	-	x	x	x	-
13.	plejere/mielenterveyshoitajat; mentalvårdare/*/hjelpepleiere i psykiatrisk sykepleie/skötare i psykiatrisk vård	-	x	*	x	-
14.	tandplejere/hammashuoltajat;tandhygienister/tannfræðingar/tannpleiere/ tandhygieneister	x	x	x	x	x
15.	klinikassistenter/hammashoitajat; tandskötare/aðstoðarmenn tannlækna/ tannlegeassistenter/tandsköterskor	-	x	x	-	x
16.	laboratorietandtekniker/hammasteknikot; tandtekniker/tannsmiðir/ tannteknikere/tandtekniker	-	x	-	x	x
17.	sygehjælpere/perushoitajat;primärskötare/sjúkraliðar/hjelpepleiere/ undersköterskor	-	x	x	x	-
18.	dyrlæger/eläinlääkärit;veterinärer/ dýralæknar/veterinærer/veterinärer	x	x	x	x	x
19.	kiropraktorer/kiropraktikot;kiropraktorer/hnykkjar/kiropraktorer/ kiropraktorer	x	-	x	x	x

[1] Engar reglur gilda nú um sálfræðinga í Danmörku en munu gilda 1. janúar 1994.

x = reglur gilda um starfsgreinina í þessu landi
- = reglur gilda ekki um starfsgreinina í þessu landi
* = starfsgreinin er ekki fyrir hendi í þessu landi hvorki sem starfsgrein sem reglur gilda um né sem starfsgrein sem reglur gilda ekki um